

Skútustaðahreppur
b/t Guðjón Vésteinsson
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 23. febrúar 2019
UST201902-061/A.B.
10.04.03

**Efni: Breyting - Deiliskipulag Kröfluvirkjunar vegna Kröflulínu 3 -
Skútustaðahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Kröfluvirkjunar vegna Kröflulínu 3 í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tilefni breytingarinnar er breytt lega á Kröflulínu 3 í nánd við Kröflustöð þar sem lega línumnar breytist frá Sandabotnaskarði að Kröflustöð. Auk þess kemur fram að mannvirki sem byggð hafa verið á skipulagssvæðinu frá því deiliskipulagið öðlaðist gildi, verða færð inn á deiliskipulagsuppdrátt.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti Skipulagsstofnun umsögn 24.apríl 2017 á frummatskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Kröflulínu 3, skv. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og vill stofnunin taka það fram að sú sjónarmið sem koma þar fram eiga ennþá við m.a. þar sem stofnunin leggur til að Kröflulína 2 verður færð eins og kostur er í fyrirhugað línustæði fyrir Kröflulínu 3.

Mengun

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan gerir ráð fyrir tímabundinni aðstöðu fyrir lausageyma fyrir olíu vegna áfyllingar á vélar og tæki. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunar að farið verður eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í 80. gr. reglugerðarinnar er fjallað um neyslugeyma, en þar segir: „*Þeir aðilar sem óska eftir að nota neyslugeyma skulu sækja um leyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Ákvæðið á við um húsageyma, lausageyma og*

aðra geyma sem falla undir þessa skilgreiningu. Heilbrigðisnefnd skal setja ákvæði um rekstur neyslugeyma í starfsleyfi, sbr. mengunarvarnareglugerð. Ganga skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfreynsli frá þeim þegar þeir eru ekki í notkun.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni að fundin verði staðsetning fyrir olíugeyma m.t.t. vatnsverndarsvæði með aðkomu heilbrigðisnefndar.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur